

28. júní 2012

Niðurstaða athugunar á starfsemi GAM Management hf.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi athugun á starfsemi GAM Management hf. með heimsókn og gagnaöflun þann 31. október 2011 á grundvelli XIII. kafla laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, sbr. 66. gr laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í kjölfar athugunarinnar ritaði Fjármálaeftirlitið skýrslu þar sem fram komu athugasemdir eftirlitsins og kröfur um úrbætur er skyldi vera lokið innan nánar tiltekinna tímamarka. Voru drög að skýrslunni afhent rekstrarfélaginu þann 22. desember 2012 og félaginu gefið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og frekari upplýsingum á framfæri. Í endanlegri útgáfu skýrslunnar, dags. 24. maí 2012, var tekið tillit til athugasemda félagsins eftir því sem tilefni þótti til.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því við stjórn félagsins að hún fæli innri endurskoðanda að gera sérstaka grein fyrir því hvort gripið hefði verið til viðeigandi ráðstafana vegna ábendinga og athugasemda sem fram koma í skýrslunni. Greinargerð innri endurskoðanda skal send Fjármálaeftirlitinu eigi síðar en 1. október 2012.

Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins eru byggðar á þeim gögnum og upplýsingum sem aflað var við athugunina og miðast þær við stöðu mála á þeim tíma sem athugunin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a. laga nr. 87/1998 birtir Fjármálaeftirlitið hér með opinberlega niðurstöðu nefndrar athugunar.

Helstu athugasemdir sem Fjármálaeftirlitið gerði við starfsemi félagsins eru eftirfarandi:

Áhættustýring

Gerð var athugasemd við að ekki hafi verið gerð formleg greining á áhættu sem getur haft áhrif á rekstur félagsins skv. 17. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Athugunin leiddi hins vegar í ljós að stjórn félagsins hefur yfirfarið ICAAP skýrslur sem er ætlað að meta eiginfjárför félagsins. Þá var gerð athugasemd við að stjórn félagsins hafi á fundum sínum ekki farið yfir áhættuviðmið annarra sjóða en fagfjárfestasjóðsins GAMMA:IFIF. Jafnframt var gerð athugasemd við eftirlit með fjárfestingum verðbréfasjóða í rekstri félagsins, en félagið hefur ekki yfir að ráða sjálfvirku viðvörðunarkerfi sem lætur vita þegar fjárfestingar sjóðanna fara út fyrir fjárfestingarheimildir. Eykur það hættu á mannlegum mistökum við yfirferð.

Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Við athuginina upplýsti félagið að könnun á áreiðanleika viðskiptavina félagsins færi að jafnaði fram á grundvelli IV. kafla laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem einfölduð áreiðanleikakönnun. Félagið framkvæmdi ekki eigin könnun á áreiðanleika viðskiptavina sinna heldur styddist við kannanir annarra fjármálafyrirtækja sem jafnframt selja hlutdeildarskírteini í sjóði félagsins. Fjármálaeftirlitið taldi hins vegar ekki ljóst hvernig áreiðanleikakönnun viðskiptamanna félagsins væri framkvæmd þar sem hvorki lægju fyrir samningar við fjármálafyrirtækin né hverjar skyldur þeirra væru, sbr. 2. mgr. 16. gr. laganna. Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að hvorki var tilkynnt um nýjan ábyrgðarmann vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til Fjármálaeftirlitsins né til lögreglu. Jafnframt var gerð athugasemd við að ábyrgðarmaður hefði ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að viðhalda þekkingu sinni og ekki sinnt árlegri skýrslugjöf sinni til stjórnar eins og löggin kveða á um. Ennfremur var gerð athugasemd við að reglur félagsins um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hefðu ekki verið uppfærðar með hliðsjón af breyttum lögum nr. 64/2006 og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 3/2011.

Útvistun

Rekstrarfélögum verðbréfasjóða er heimilt að útvista tilteknum verkefnum, að fengnu fyrirfram samþykki Fjármálaeftirlitsins, sbr. 17. og 18. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingarsjóði. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að félagið hefði ekki sinnt skyldum sínum samkvæmt framangreindum ákvæðum þar sem ekki var í öllum tilvikum leitað eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins fyrir útvistun verkefna og að félagið hefði ekki uppfært útvistunarsamninga um leið og verkefni samkvæmt þeim breyttust. Jafnframt var gerð athugasemd við að sumir útvistunarsamningar félagsins innihéldu ekki ákvæði um fyrirvaralausar uppsögn eins og skylt er samkvæmt 5. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 792/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Eftirlit með rekstri tölvukerfa

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að framkvæmdastjóri félagsins fól öðrum starfsmanni að fara með aðgangsheimildir að tölvukerfum félagsins þar sem slíkt samræmist ekki reglum félagsins, sbr. einnig 19. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemdir við að ekki hefðu verið gerðar kannanir á aðgangsheimildum starfsmanna að tölvukerfum í samræmi við reglur félagsins auk þess sem skortur var á aðgangstakmörkunum að sameiginlegu drifi félagsins. Gerð var athugasemd við að félagið hafi ekki sett sér verkferla er varða öryggi og rekstur upplýsingakerfa né gert áhættugreiningu á upplýsingakerfum, sbr. leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2005. Þá hafði félagið ennfremur ekki sett sér viðbúnaðaráætlun um órofinn rekstur tölvukerfa.

Starfsheimildir félagsins

Starfsheimildir rekstrarfélags verðbréfasjóða taka ávallt til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Rekstrarfélagi er þó einnig heimilt að stunda eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og stjórnun fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, á grundvelli viðbótarstarfsleyfis.

Starfsheimildir rekstrarfélags eru þannig tæmandi taldar í framangreindu ákvæði og ljóst að rekstrarfélög geta ekki fengið heimild til að veita viðbótarþjónustu samkvæmt 3. tölul. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, sem kveður á um tiltekna ráðgjöf til fyrirtækja. Meta þarf því hverju sinni hvort ráðgjöf sem rekstrarfélag veitir samræmist starfsheimildum þess.

Að mati Fjármálaeftirlitsins telst sú ráðgjafarstarfsemi eins og henni var lýst á heimasíðu félagsins og í þeim tveimur skýrslum sem gerðar hafa verið opinberar á vefsíðu þess ekki falla undir hugtakið „fjárfestingarráðgjöf“ í skilningi 1. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við framangreint og taldi starfsemina ekki samræmast starfsheimildum félagsins samkvæmt 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Reglur félagsins

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að reglur um meðferð kvartana viðskiptavina voru ekki aðgengilegar á heimasíðu félagsins, þar sem í reglunum er gerð krafa um að kvörtun sé á ákveðnu formi. Sé kvörtunin ekki á því formi sem um kveður í reglunum er félaginu ekki skylt að rannsaka kvörtunina. Þá gerði Fjármálaeftirlitið einnig athugasemd við að upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði viðskiptavina félagsins, ef ágreiningur rís milli viðskiptavinar og félagsins, voru ekki aðgengilegar fyrir viðskiptavini.

Fjármálaeftirlitið mun í framhaldinu birta gagnsæistilkynningu á heimasíðu sinni eftir að fyrir liggur skýrsla innri endurskoðanda um þær úrbætur sem rekstrarfélagið hefur framkvæmt.